

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

1. tbl. • Janúar 2000

Vel sóttur blaðamanna- fundur um versnandi samkeppnisstöðu

Samtök iðnaðarins boðuðu til blaðamannafundar 11. janúar síðastliðinn undir yfirskriftinni „Þenslan ryður iðnaði úr landi“. Á fundinum sögðu Samtökin frá því hvernig samkeppnisstaða íslenskra iðnfyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum hefur verið að þróast samhliða þenslu í efnahagslífinu undanfarin ár. Staða þessara fyrirtækja hefur versnað til muna. Samtökin vilja ekki við þetta una og vilja að stjórnvöld taki sig á í hagstjórninni.

Í fréttatilkyngingu sem lögð var fram á fundinum segja Samtökin m.a.: „Miklar innlendir kostnaðarhækkanir um þessar mundir minnka markaðshlutdeild íslenskra fyrirtækja og framleiðsla þeirra færist í hendur erlendra aðila. Samtök iðnaðarins telja helstu

orsökina vera þá að stjórnvöld hafa ekki staðið sig í hagstjórninni. Þetta birtist m.a. í stórauðnum fjölda opinberra starfsmanna og launahækkunum til þeirra langt umfram almennan vinnumarkað. Stjórnvöld þurfa að beita ýtrasta aðhaldi um þessar mundir. Nýsköpun og varanlegur hagvöxtur er í húfi.“

Fundurinn var mjög vel sóttur af fjölmiðlum og mikið var um efni hans fjallað. Greinar komu í Morgunblaðinu, Degi, Viðskiptablaðinu og Dagblaðinu. Sagt var frá efni fundarins í fréttum á Ríkisútvarpinu, Bylgjunni, Ríkissjónvarpinu, Stöð 2 og Skjá einum. Fjallað var um efni fundarins í hinum ýmsu umræðubáttum bæði hljóðvarps og sjónvarps. Afstaða Samtakanna hefur því fengið góða kynningu.

Sjá nánar bls. 7



Kostnaðar- líkanið Taxti vekur athygli

Undanfarið hafa Samtök iðnaðarins efnt til kynningafunda fyrir fyrirtæki í málm- og byggingariðnaði um kostnaðarlíkanið Taxta sem greint var frá í síðasta blaði. Sá háttur hefur verið tekinn upp að boða til þessara funda á einhverri hentugri kaffistofu aðildarfyrirtækis á viðkomandi athafnasvæði. T.d. var einn haldinn í höfðahverfinu í Reykjavík, annar í Kópavogi o.s.frv.

Meðfylgjandi mynd er tekin í kaffistofu Héðins hf. en þar fjölmenntu félagsmenn úr Garðabæ og Hafnarfirði. Á fundunum er gerð grein fyrir uppbyggingu kerfisins og hvernig það virkar og farið á tölvuskjá í gegnum einstaka liði í tilbúnu dæmi. Ennfremur er hægt að átta sig á einstökum þáttum rekstursins og hvaða afleiðingar tiltekna breytingar hefðu til góðs eða ills.

Rétt er að ítreka að kostnaðarlíkanið er eingöngu selt til aðildarfyrirtækja Samtaka iðnaðarins og kostar kr. 12.450 með vsk.

Kynningafundirnir verða haldnir í janúar og febrúar og eru kynntir aðildarfyrirtækjum á hverju svæði fyrir sig.

Ingólfur Sverrisson, Eyjólfur Bjarnason



F.v.: Ingólfur Bender, Haraldur Sumarliðason, Sveinn Hannesson, Helgi Magnússon og Vilmundur Jósefsson

Hin tvíþætta samkeppni

Því hefur löngum verið haldi fram að samkeppni sé drifkraftur framfara og bættra lífskjara. Fyrirtæki kosta kapps um að standa sig í samkeppninni og tryggja stöðu sína á markaðinum, hvort heldur þau bjóða fram vörur eða þjónustu. Þetta þýðir þó ekki að samvinna sé úrelt fyrirbrigði og að engu hafandi. Þvert á móti. Staðreyndin er sú að þau fyrirtæki sem nýta sér kosti samvinnu á þeim sviðum sem henta hverju sinni standa sig jafnan betur í frjálstri samkeppni en þau sem álíta að hin sanna samkeppni felist í því einu að halda sig frá öðrum og tileinka sér viðhorf Bjarts í Sumarhúsum. Samkeppnin sé í raun hið eina sanna frelsi og frelsi ekkert nema samkeppni.

MIKILVÆGT HLUTVERK SAMTAKA

Í nútímarekstri þarf oft á tíðum að vinna að umbótum sem hvert fyrirtæki eitt og sér hefur engin tök á að koma á. Að slíkum málefnum er unnið á sameiginlegum vettvangi fyrirtækjanna. Þess vegna gegna hagsmunasamtök einstakra atvinnugreina mjög þýðingarmiklu hlutverki í samkeppninni, geta

raunar ráðið úrslitum um hvort tekst að skapa viðunandi starfsumhverfi og að viðeigandi þjónusta opinberra aðila sé til staðar svo sem eins og menntun starfsmanna, aðlögun að nýrri tækni (tæknistofnanir) o.s.frv. Ennfremur veita hagsmunasamtökin aðildarfyrirtækjum sínum beina þjónustu sem oft verður ekki metin til fjár.



Þannig er mikilvægt atriði í nútímasamkeppni að kunna að vinna saman á réttum sviðum. Aukin samvinna fyrirtækja og jafnvel sameining undanfarið er til marks um að sífellt er leitað leiða til að auka hagkvæmni og treysta stöðuna á markaðinum.

Eftir stendur sú staðreynd að drifkrafturinn kemur frá samkeppninni með kostum hennar og göllum.

ÖGRUN SAMKEPPNINNAR

Frjálstri samkeppni hjá fyrirtækjum má skipta í tvö skaut sem í fyrstu virðast andstæð: Annars vegar er samkeppni um markaðshlutdeild en hins vegar um vinnuafll og fjármagn.

Til þess að halda sínum hlut á markaði og helst að auka hann verða fyrirtækin að bjóða lægsta verð í vöru eða þjónustu með hliðsjón af tilteknum gæðum. Fyrirtæki, sem standast ekki þessar kröfur um verð og gæði, verða undir í samkeppninni og dagar loks uppi. Það er því kappsmál að halda útgjöldum niðri en hafa samt tekjuafgang til að halda í við tækniþróun og greiða eigendum eðlilegan arð.

Enda þótt launaliður fyrirtækja sé mjög misstór í heildarveltu er hann óneitanlega einn fyrirferðarmesti útgjaldaliður þeirra flestra og þarf að gæta varúðar á því sviði eins og öðrum.

Á hinn bóginn verða fyrirtækin að vera samkeppnisfær í baráttunni um vinnuaflið, geta greitt þau laun og boðið þau kjör sem laðar að það starfsfólk sem viðkomandi fyrirtæki þarf á að halda. Fyrirtækin verða að horfast í

augu við leikreglur samkeppninnar og staðreyndir vinnuafllarins hverju sinni og laga sig að þeim. Þá má segja að hin mikla togstreita, að finna jafnvægið milli samkeppninnar á markaðinum annars vegar og um vinnuaflið hins vegar, nái hámarki. Verður þá mörgum ómótt og sakna þess tíma þegar einvörðungu var miðað við lágmarkstaxta kjarasamninga.

Nú eru breyttir tímar hjá mörgum fyrirtækjum, einkum þeim sem þurfa á sérhæfðu starfsfólki að halda. Þau verða einfaldlega að móta sjálfstæða launastefnu sem tekur mið af getu hvers fyrirtækis og að hinu leyttinu að verðleggja afurðir sínar og/eða þjónustu með hliðsjón af því sem markaðurinn er reiðubúinn að greiða. Engin samtök geta leyst þetta viðfangsefni fyrir þau. Það er einvörðungu á könnu fyrirtækjanna sjálfra. Samtökin geta þó aðstoðað við að leysa þetta verkefni á hverjum stað og trúlega verður sú þjónusta viðameiri næstu árin en verið hefur enda er það mála sannast að svigrúm til launahækkana og bættra kjara ræðst að stærstum hluta í fyrirtækjunum sjálfum en ekki við gerð heildarkjarasamninga.

SAMEIGINLEGT VIÐFANGSEFNI

Til að gera fyrirtækjum kleift að eflast og dafna við þessar aðstæður hinnar tvíþætta samkeppni er ekki nema ein leið fær. Það er að auka sífellt framleiðni og gæði og ástunda einlægt hvers konar hagræðingu í rekstrinum - m.ö.o. að stækka það sem er til skiptanna.

Flestum er nú orðið ljóst að ekkert af þessu gerist nema starfsmenn fyrirtækjanna og stjórnendur leggist á árar og vinni saman að aukinni framleiðni og bættum rekstri og stuðli þannig að því að fyrirtækin standi sig í samkeppninni.

Ingólfur Sværnisson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
01. töl. Janúar 2000
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 19. janúar 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstig 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is,
e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri: Þóra Ólafsdóttir
Prófarkalestur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.



Dagskrá Iðnþings 25. febrúar 2000

Iðnaður og upplýsingatækni við upphaf nýrrar aldar

09:20 Mæting - afhending fundargagna

**09:30 Iðnþing sett - Haraldur Sumarliðason, formaður
Upplýsingatækni- og þekkingariðnaður á Íslandi
Möguleikar við upphaf nýrrar aldar?**

Hreinn Jakobsson, forstjóri, Skýrr hf.
Guðmundur Óskarsson, verkfr., Hugvit hf.
Friðrik Sigurðsson, forstjóri, Tölvumyndir hf.
Gunnar Ingimundarson, framkv.stj., Hugur hf.

12:00 Gestir Iðnþings boðnir velkomnir -

Haraldur Sumarliðason, formaður

Hádegisverður í boði Samtaka iðnaðarins

**Margmiðlunarkynning á nokkrum verkefnum á vegum SI
Ræða formanns SI, Haraldar Sumarliðasonar
Ræða iðnaðarráðherra, Valgerðar Sverrisdóttur**

**Opnun vefjar um iðnað fyrir ungt fólk - idnadur.is
Iðnaðarráðherra opnar vefinn formlega**

Notendur upplýsingatækninnar

**Hvernig nota iðnfyrirtækin upplýsingatæknina í sínu
starfi?**

Ari Arnalds, forstjóri, Verk- og kerfisfræðistofan hf.
Eysteinn Haraldsson (með fyrirvara um breytingu)
Íslenskir aðalverktakar hf.
Magnús Ingi Stefánsson, forstöðumaður upplýsingasviðs,
Mjólkursamsalan
Ásgeir Ásgeirsson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar,
Marel hf.
Guðbrandur Magnússon, framleiðslustjóri, Morgunblaðið

**16:00 Aðalfundarstörf
Ályktun Iðnþings afgreidd**

17:00 Þingslit

**Árshóf Samtaka iðnaðarins verður í veislusal
Húss iðnaðarins Versölum að kveldi 25. febrúar.
Fordrykkur borinn fram kl. 19.30.**

**Fjórar klassískar skemmta og
hljómsveitin Snillingarnir leika fyrir dansi.
Miðaverð er 3.800 krónur sem er matarkostnaður.
Við hvetjum félagsmenn til að hafa samband við
Þóru Ólafsdóttur til að panta miða.
Sími 511 5555, fax 511 5566, netfang thora@si.is**

Lífeyrissjóður blaðamanna sameinast Lífeyrissjóði verslunarmanna

Skrifað var undir samning um sameiningu Lífeyrissjóðs blaðamanna við Lífeyrissjóð verslunarmanna þann 30. desember sl.

Sameining sjóðanna miðast við 1. janúar 2000 og skal að fullu lokið þann 1. apríl nk. Við sameininguna tekur Lífeyrissjóður verslunarmanna við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs blaðamanna og verður starfsemi sjóðsins hætt. Lífeyrissjóður blaðamanna hefur verið í umsjón Verðbréfa-markaðar Íslandsbanka nokkur undanfarin ár og mun VÍB taka við iðgjöldum sjóðfélaga til 31. mars nk.

Samningurinn um sameininguna var undirritaður með fyrirvara um samþykki aðildarsamtaka og félaga þeirra. Gert er ráð fyrir að samþykkis aðildarsamtakanna verði leitað á næstu vikum. Fyrir hönd útgefenda undirrituðu samninginn Haraldur Sveinsson form. stjórnar Lífeyrissjóðs blaðamanna og Þórarinn Gunnarsson.

Fyrsta útskrift Stóriðjuskólans

Fyrstu nemendur Stóriðjuskólans útskrifuðust í gær við hátíðlega athöfn í húsakynnum ÍSAL í Straumsvík.

Um er að ræða 16 starfsmenn ÍSAL og hljóta þeir starfsheitið stóriðjугreinir. Kennsla við Stóriðjuskólann hófst 1998 og er þetta fyrsti hópurinn sem útskrifast, eftir þriggja ára nám. Með skólanum er lagður grundvöllur að faglegri sérhæfni þeirra sem starfa við stóriðju. Starfsmenntasjóður félagsmálaráðuneytisins hefur styrkt Stóriðjuskólann. Iðntæknistofnun hefur annast þróun og útgáfu náms- og kennslugagna og Iðnskólinn í Reykjavík hefur séð um kennslu í Stóriðjuskólanum.

Vinnustaðanám í málmiðnaði:

10 milljóna króna styrkur frá Brussel

Með auknum námskröfum, sem nú eru gerðar til iðnnáms í málmiðn-greinum, verða jafnframt gerðar meiri kröfur um þann þátt námsins sem fer fram í smiðjunum og oft er kallað vinnustaðanám. Sá þáttur hefur verið stytur í fimmtán mánuði samkvæmt nýrri námskrá og því afar mikilvægt að tíminn nýtist vel og starfsþjálfunin verði hnitmiðuð og árangursrík fyrir nemendur.

Alkunna er að fyrirtæki, sem taka að sér iðnnema, hafa staðið mjög misjafnt að verki, allt frá því að veita nemum ágæta og víðtæka starfsreynslu og til þess að hirða lítt um þá hluti fyrir en nokkrum dögum fyrir sveinspróf.

Smiðjunum hefur verið nokkur vorkunn að þessu leyti því að þeim hefur lítt verið leiðbeint um framkvæmd starfsþjálfunar iðnnema og þær hafa því reynt að krafla sig sjálfar fram úr því með misjöfnum árangri. Það var því ekki að ófyrirsynju að Fræðsluráð málmiðnaðarins tók málið til skoðunar ásamt með Starfsgreinaráði í mál-, véltækni- og framleiðslugreinum.

Því var það að Gylfi Einarsson hjá Fræðsluráði málmiðnaðarins sótti um styrk til Leonardó-áætlunarinnar (starfsmenntaáætlunar Evrópusambandsins) til að semja námskeið fyrir starfsmenn málmiðnaðarfyrirtækja sem bera ábyrgð á nemendum í vinnustaðanám. Verkið yrði unnið í sam-

vinnu við Metalindustriens lærlingsuddvalg í Danmörku og FÁS (Starfsmenntastofnun Írlands). Ekki er að orðlengja það að samþykktur var styrkur til þessa þarfa verkefnis að fjárhæð 140.000 evrur sem er liðlega 10 milljónir króna.

Verkefnið hefur hlotið nafnið „Alby“ og hefst nú í byrjun árs og lýkur á miðju næsta ári. Aðstandendur verkefnisins vonast til að geta á þeim tíma leitað til fyrirtækja í málmiðnaði um hugmyndir og ábendingar enda leynist þar dýrmæt reynsla sem brýnt er að nýta til hins ýtrasta.

Ingólfur Sverrisson



Stefnumörkun framleiðenda tækja og búnaðar

Á dögum komu framleiðendur tækja og búnaðar fyrir sjávarútveg og annan matvælaíðnað til vinnufundar í Borgarnesi ásamt nokkrum gestum úr hópi viðskiptavina þeirra.

Eins og best sást á síðustu Sjávarútvegssýningu hafa íslenskir framleiðendur véla og tækja fyrir veiðar og vinnslu náð mjög langt og ekki ofsagt að þeir standi í fremstu röð.

Afrakstur vinnufundarins í Borgarnesi var mikill og góður, sem draga má

saman í neðangreind meginmarkmið og forsendur.

FRAMTÍÐARSÝN

- Öflug fyrirtæki með stórukin umsvif og góða framleiðni
- Forysta á alþjóðamarkaði
- Í forystu í framleiðslu og þróun tækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu

FORSENDUR

- Víðtækt samstarf um lausn stórra og flókinnar verkefna
- Aukin menntun og starfsþjálfun skilar árangri
- Styrkur fyrirtækjanna liggur í mannaauði, skilvirkri stjórnun og gæðum
- Aukin tækni, betri samkeppnishæfni framleiðslu
- Öflug nýsköpun byggð á þekkingu og samstarfi
- Samkeppnishæft laga-, reglugerða- og starfsumhverfi
- Fjölbreytt fjármögnun á markaði

Á næstu vikum verður unnið úr honum og mótuð heilstæð stefna sem síðan verður unnið eftir næstu árin.

Ingólfur Sverrisson, Davíð Lúðvíksson

Norræn ráðstefna um framleiðslustjórnun

Eins og greint hefur verið frá taka Samtök iðnaðarins þátt í norrænu átaki „Nordic Forum for Production Management“ sem miðar að því að auðvelda framleiðslufyrirtækjum í mál- og raftækni-íðnaði að fylgjast með og tileinka sér nýjungar í öllu sem lýtur að framleiðslustjórnun.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að undirbúningi ráðstefnu í Helsinki 28. og 29. mars nk. á vegum þessa vettvangs.

Meðal fyrirlesara er hin heims-kunni prófessor Charles Fine frá MIT í Bandaríkjunum.

Einn fyrirlesaranna Hörður Arnarson, framkvæmdastjóri Marels hf., mun greina frá reynslu Marels af nýjum aðferðum við framleiðslustjórnun sem hafa vakið verðskuldaða athygli. Ráðstefnan hefst raunar á tveimur fyrirtækjaheimsóknum að morgni 28. mars þ.e. Kvaerner Masa, og Neles Automation.

Þeim sem hafa áhuga á að taka þátt í ráðstefnunni, er bent á að hafa samband Ingólfur Sverrisson eða Davíð Lúðvíksson.



F.v.: Arnar Sigurmundsson, Guðlaugur Pálsson, Ingólfur Sverrisson og Einar Þorgeirsson

Breytingar á skipulags- og byggingalögum

1. janúar sl. gengu í gildi breytingar á skipulags- og byggingalögum nr. 73/1997. Frumvarp þar að lútandi var lagt fram á síðustu dögum þings fyrir jólafrí.

Breytingar þessar ná einungis til þriggja atriða sem rakin verða hér á eftir. Nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins hafði hins vegar á haustmánuðum útbúið drög að breytingum á skipulags- og byggingarlögum sem var í 34 gr. og tók til mun fleiri atriða en frumvarpið sem lagt var fram. Má sjá umfjöllun um þau drög í grein eftir Ólaf Helga Árnason, lögfræðing í október blaði Íslensks iðnaðar. En Samtök iðnaðarins höfðu haft drögin til umsagnar og gert við þau ýmsar atugasemdir. Þær breytingar, sem tóku gildi nú 1. janúar sl., taka til þriggja atriða.

BREYTINGAR Á ÁKVÆÐUM UM AFGREIÐSLU BYGGINGALEYFIS-UMSÓKNA

Fyrst skal nefna að með lagabreytingunni er sveitarstjórnnum veitt heimild til að auka heimildir byggingafulltrúa til afgreiðslu mála, þ.e. án þess að erindi fari fyrir bygginganefndir til afgreiðslu. Ákvæði þetta hefur verið í gildi í svo kölluðum reynslusveitarfélögum og kemur heimildin úr lögum nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög. Nýti sveitarfélög sér þetta ákvæði má búast við að afgreiðslutími mála styttest og því verði byggingafulltrúaembættin skilvirkari en annars.

LÖGGILDING IÐNMEISTARA

Næstu tvö atriði, sem breytast, eru sett inn sem bráðabirgðaákvæði. Fyrri ákvæðið fjallar um löggildingu iðnmeistara. Sú breyting verður nú á að iðnmeistarar, sem hlotið hafa meistaraáréttindi án undangengis meistaraþrófs, geta sótt um landslöggildingu eftir að hafa sótt námskeið sem umhverfisráðuneytið mun skilgreina í samvinnu við SI og prófanefnd.

Ákvæði þetta er tímabundið og gildir til 1. júlí 2001. Samtök iðnaðarins munu greina nánar frá þessum málum þegar lengra líður á vetur.

STAÐFESTING DEILISKIPULAGS

Seinna bráðabirgðatriðið fjallar um deiliskipulagsáætlanir og breytingar á þeim sem gerðar hafa verið á grundvelli aðalskipulags og samþykktar af sveitarstjórn fyrir 1. janúar 1998. Þessar áætlanir gilda án tillits til þess hvort þær hafa verið auglýstar, hlotið staðfestingu ráðherra eða samþykktar af skipulagsstjóra ríkisins samkvæmt eldri lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ljóst er að lögin sem tóku gildi 1. janúar sl., eru einungis brot af þeim breytingum sem gera þarf á lögum um skipulags- og byggingamála. Samtök iðnaðarins hafa krafist mun víðtækari breytinga og munu fylgja þeim eftir nú á fyrstu mánuðum þessa árs.



Eyjólfur Bjarnason

Jarðvinnuverktakar taka upp gæðastjórnunarkerfi



Sjö jarðvinnuverktakar innan Samtaka iðnaðarins vinna að verkefni á vegum SI um að taka upp gæðakerfi til gæðastjórnunar sem tekur á öllum helstu þáttum reksturs og framleiðslu fyrirtækjanna.

Kerfið er fengið frá Noregi og var m.a. samþykkt og notað til eftirlits við byggingu Gardermoen herflugstöðvarinnar á vegum norska hersins.

Áætlað er að verkefninu ljúki haustið 2000 og hafi fyrirtækin þá yfirfarið skráð, mótað og endurbætt alla ferla í rekstri og framleiðslu sinni og verða því vel undir það búin að mæta auknum kröfum markaðarins um gæðastjórnun og gæðaeftirlit.

Samtök iðnaðarins hyggjast hleypa

af stokkunum öðrum verkefnahópi með jarðvinnuverktökum á næstunni ef næg þátttaka fæst.

Verkefnið felur í sér að allt innra skipulag fyrirtækjanna verður endurskoðað og samskiptaferlar gerðir ljósari og samskipti við viðskiptavini og birgja gerð markvissari

Markmið verkefnisins er að draga úr hættu á mistökum.

Ætlunin er að Samtök iðnaðarins láti síðan óháðan aðila taka út virkni kerfisins hjá hverju fyrirtæki minnst einu sinni á ári

Fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu að þessu sinni eru: Háfell, Arnarfell, Sæþór, Loftorka, Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Völur og Suðurverk.

Ferdinand Hansen

Sýningarárið 2000

<p>PERLAN 11. - 13. FEBRÚAR</p> 	<p>LÍÐSINNI - Ný tækni, allra aðgengi</p> <p>Vöru- og þjónustusýning þar sem kynntar verða nýjungar á sviði upplýsingatækni og umhverfisstjórnunar fyrir fatlaða og aðra sem á þurfa að halda. Eftir verður til ráðstefnu í tengslum við sýninguna og munu m.a. sérfræðingar og áhugafólk frá Norðurlöndum og Bandaríkjunum flytja fróðleg erindi um þarfir, möguleika og nýjungar á þessu sviði.</p> <p>Sýningin er á vegum samstarfsnefndar um hjálpartækni en skipulagning og framkvæmd er í höndum Sýninga ehf.</p> <p>UMSJÓN:  sýningar</p> <p>TENGILIÐUR: Sigurros Ragnarsdóttir Netfang sigurros@kom.is</p> <p>Austurstræti 6, 101 Reykjavík, sími 362-0600, fax 362-3411, netfang sýningar@kom.is</p>
<p>HAFNARFJÖRDUR 17. - 19. FEBRÚAR</p> 	<p>UTS 2000 - Upplýsingatækni sveitarfélaga og stofnana</p> <p>Ráðstefna og stórsýning UT-fyrirtækja þar sem fjallað verður um upplýsingatækni sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana á nýju árpúsvundi. UTS 2000 er haldin á vegum Samtaka iðnaðarins, SÍH - Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagning og framkvæmd er í höndum Samtaka iðnaðarins, í samstarfi við Sýningar ehf og fleiri.</p> <p>NÁNARI KYNNING Á VEFNUM: www.ut.is</p> <p>UMSJÓN:  SAMTÖK IÐNAÐARINS</p> <p>TENGILIÐUR: Brynjar Ragnarsson Netfang brynjar@si.is</p> <p>Hafnarvegur 1, 101 Reykjavík, sími 511-5555, fax 511-5566, netfang mottaka@si.is</p>
<p>PERLAN 18. - 20. FEBRÚAR</p> 	<p>SILFURSKELIN - Óskartinn í umbúðum 2000</p> <p>Fagsýning hönnuða, framleiðenda, félaga, stofnana og fyrirtækja er tengjast málefnum umbúða á Íslandi. Við opnun sýningarinnar verður glæsileg verðlaunahátíð þar sem kynntar verða umbúðir og úrslit í Umbúðasamkeppni Samtaka iðnaðarins. Sýningin er á vegum Samtaka iðnaðarins, í samstarfi við SÍA og ÍMARK, en skipulagning og framkvæmd er í höndum Sýninga ehf.</p> <p>NÁNARI KYNNING Á VEFNUM: www.si.is</p> <p>UMSJÓN:  sýningar</p> <p>TENGILIÐUR: Sigurros Ragnarsdóttir Netfang sigurros@kom.is</p> <p>Austurstræti 6, 101 Reykjavík, sími 362-0600, fax 362-3411, netfang sýningar@kom.is</p>
<p>LAUGARDALSHÖLL 5. - 7. MAÍ</p> <p>BYGGINGADAGAR 2000</p> 	<p>BYGGINGADAGAR 2000: Hús og garðar, hönnun, handverk</p> <p>Stórsýning fyrirtækja, framleiðenda, fagfélaga, hönnuða og stofnana í tengslum við íslenskan byggingar-iðnað. Sérstakt þema ársins 2000 er "Hús og garðar, hönnun og handverk". Skráning er hafin og kynningar-gögn verða send út í lok janúar. BYGGINGADAGAR eru haldnir á vegum Samtaka iðnaðarins í samstarfi við fagfélög í byggingariðnaði, Sýningar ehf og fleiri.</p> <p>NÁNARI KYNNING Á VEFNUM: www.si.is</p> <p>UMSJÓN:  SAMTÖK IÐNAÐARINS</p> <p>TENGILIÐUR: Brynjar Ragnarsson Netfang brynjar@si.is</p> <p>Hafnarvegur 1, 101 Reykjavík, sími 511-5555, fax 511-5566, netfang mottaka@si.is</p>
<p>LAUGARDALUR 6. - 9. JÚLÍ</p> 	<p>BÚ 2000 - Landbúnaður, tækni, afurðir, ferðaþjónusta o.fl.</p> <p>BÚ 2000 er ætlað að höfða jafnt til almennings sem og bænda og annarra sem starfa við íslenskan landbúnað, afurðavinnslu, ferðaþjónustu o.fl. Búist við fjölda erlendra gesta á BÚ 2000 í tengslum við Landsmót hestamanna sem haldið er í Reykjavík á sama tíma. BÚ 2000 er á vegum Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins í samstarfi við Samtök iðnaðarins, Landsmót hestamanna og KOM, en skipulag og framkvæmd er í höndum Sýninga ehf.</p> <p>UMSJÓN:  sýningar</p> <p>TENGILIÐUR: Sigurros Ragnarsdóttir Netfang sigurros@kom.is</p> <p>Austurstræti 6, 101 Reykjavík, sími 362-0600, fax 362-3411, netfang sýningar@kom.is</p>

ATHUGIÐ: UPPLÝSINGAR ERU BIRTAR MED FYRIRVARA UM BREYTINGAR.

Fréttatilkynning frá blaðamannafundi SI 11. janúar síðastliðinn

Penslan ryður iðnaði úr landi

Miklar innlendar kostnaðarhækkunar minnka markaðshlutdeild innlendra fyrirtækja og framleiðslan færirst í hendur erlendra aðila. Samtök iðnaðarins telja helstu orsökina vera þá að stjórnvöld hafa ekki staðið sig í hagsjórninni. Þetta birtist m.a. í stóráuknum fjölda opinberra starfsmanna og launahækkunum til þeirra langt umfram almennan vinnumarkað. Stjórnvöld þurfa að beita ýtrasta aðhaldi um þessar mundir. Nýsköpun og varanlegur hagvöxtur er í húfi.

Á tímabilinu 1995 til 1999 hækkaði kostnaður við framleiðslu hér á landi ríflega tvöfalt hraðar en ytra. Mestu munar þar um ríflegar innlendar launahækkunar og vaxandi verðbólgu. Á áðurnefndum tíma hækkuðu laun í framleiðslu hér um tæp 29% en um 12% í iðnríkjunum. Ber þetta vott um þenslu á innlendum markaði.

Til að verja markaðsstöðu sína hafa fyrirtækin tekið á sig hækkunar og hagrætt eftir megni. Könnun Samtaka iðnaðarins á afkomuþróun fyrirtækja í greininni sýnir að afkoman er að versna bæði í krónum talið og sem hlutfall af tekjum. Hagræðing og afkomuskerðing hefur hins vegar ekki dugað til. Íslenskar vörur hafa undanfarið hækkað meira en erlendar.

Í óformlegri símakönnun Samtaka iðnaðarins í nóvember síðastliðnum voru stjórnendur þrjátíu framleiðslufyrirtækja spurðir: „Telur þú að launahækkunar á þessu og síðasta ári hafi vegið að samkeppnisstöðu fyrirtækisins gagnvart erlendum keppinautum.“ 97% svöruðu játandi. Einnig voru stjórnendurnir spurðir hvort þeir teldu að þetta hefði skert afkomu þeirra og markaðshlutdeild. Mikill meirihluti svaraði því einnig játandi.

Að mati OECD hefur samkeppnisstaða íslenskrar framleiðslu ekki verið verri gagnvart erlendri í yfir tvo áratugi. Eru þá undanskilin árin 1987 og 1988 en efnahagsmistök þeirra ára leiddu til mikillar efnahagslæggðar fyrstu ár tíunda áratugarins. Versnandi samkeppnisstaða lýsir sér í ugg-

vænlegum og viðvarandi viðskiptahalla.

Til að bregðast við þessari alvarlegu stöðu telja Samtök iðnaðarins brýnt að ríki og sveitarfélög auki aðhald í útgjöldum. Einnig er nauðsynlegt að beita öllum tiltækum ráðum til að auka framleiðni fyrirtækja hér á landi. Síðast en ekki síst telja þau að

gera þurfi hóflega kjarasamninga. Gangi þetta ekki eftir er stefnt í hættu þeirri kaupmáttaraukningu sem náðst hefur hér á landi á síðustu árum.



MATVÆLAÍÐNAÐUR

Nýjar og breyttar reglugerðir á matvælasviði

Hér á eftir fer listi yfir nýjar og breyttar reglugerðir sem út komu á síðasta ári og varða matvælaframleiðslu:

Reglugerð nr. 40/1999 um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökunarstöðvum þeirra

Reglugerð nr. 191/1999 um breytingu á reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla

Reglugerð nr. 209/1999 um breytingu á reglugerð nr. 531/1993 um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, sbr. breytingar nr. 576/1997 og 705/1998

Reglugerð nr. 233/1999 um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða

Reglugerð nr. 372/1999 um 4. breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni í matvælum

Nánari upplýsingar um þessar breytingar er að finna á vef Hollustuverndar www.hollver.is.

Auk ofangreindra breytinga vinnur Hollustuvernd að eftirtöldum breytingum og nýjum reglugerðum:

Breytingu á reglugerð nr. 518/1993 um aðskotaefni

Breytingu á reglugerð um merkingar

Reglugerð um íblöndun bæstiefna

Reglugerð um merkingar erfðabreyttra matvæla

Breytingu á reglugerð um neysluvatn

Ennfremur nýjum reglugerðum um ungbarnamat, kaffi, sérfeði, aukefni, geislun, innflutningseftirlit og ungbarnablöndur.

Flest er þetta í kjölfar breytinga á gerðum Evrópusambandsins.

Hafnarfjörður 17.-19. febrúar



Upplýsingatækni sveitarfélaga

Ráðstefna og stórsýning UT-fyrirtækja þar sem fjallað verður um upplýsingatækni sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana, á nýju árpúsundi. Skráning er hafin.

Laugardalshöll 5.-7. maí




Stórsýningin Byggingadagar

Íslenskt handverk, hönnun, hús og garðar á heimsælikvarða. Skráning er hafin.

Öflug upplýsingamiðlun um Samtök iðnaðarins

Áhugaverðir viðburðir á döfnni



Vandaður fréttflutningur af málefnum íðnaðar